

**REGLUGERÐ**  
**um (3.) breytingu á reglugerð nr. 184/2002,**  
**um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.**

1. gr.

Í stað III. viðauka við reglugerðina kemur nýr viðauki, sem birtur er með reglugerð þessari.

2. gr.

VI. viðauki við reglugerðina fellur brott.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1357/2014 frá 18. desember 2014 um að skipta út III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipanna, sem vísað er til í tölulíð 32ff í V. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2015 þann 30. apríl 2015.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í a. lið 43. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum, tekur þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 22. júní 2015.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

---

*Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.*

### III. VIÐAUKI

#### Eiginleikar úrgangs sem gera hann hættulegan.

##### HP 1 „Sprengifimur“:

úrgangur sem getur myndað lofttegund með efnahvörfum við slíkt hitastig og þrýsting og með slíkum hraða að valdi spjöllum á umhverfinu. Þar með talið úrgangur úr flugeldum, sprengifimur úrgangur úr lífrænu peroxíði og sprengifimur sjálfhvarfgjarn úrgangur.

Ef úrgangur inniheldur eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð með einum af kóðunum fyrir hættuflokk og -undirflokk og kóðunum fyrir hættusetningar, sem eru sýndir í töflu 1, skal meta úrganginn með tilliti til HP 1, þar sem við á og hlutfallslega, samkvæmt prófunaraðferðum. Ef tilvist efnis, blöndu eða hlutar bendir til þess að úrgangurinn sé sprengifimur skal flokka hann sem hættulegan af tegund HP 1.

Tafla 1: Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka og kóði eða kóðar fyrir hættusetningar fyrir efnisþætti úrgangs, fyrir flokkun úrgangs af tegund HP 1 sem hættulegur:

Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar
Óstöðvandi sprengifimur	H200
Sprengifimur 1.1	H201
Sprengifimur 1.2	H202
Sprengifimur 1.3	H203
Sprengifimur 1.4	H204
Sjálfhvarfgjarn A	H240
Lífrænt peroxíð A	
Sjálfhvarfgjarn B	H241
Lífrænt peroxíð B	

##### HP 2 „Eldmyndandi (oxandi)“:

úrgangur sem gæti, yfirleitt með því að bæta við súrefni, valdið eða stuðlað að bruna á öðru efni.

Ef úrgangur inniheldur eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð með einum af kóðunum fyrir hættuflokk og -undirflokk og kóðunum fyrir hættusetningar, sem eru sýndir í töflu 2, skal meta úrganginn með tilliti til HP 2, þar sem við á og hlutfallslega, samkvæmt prófunaraðferðum. Ef tilvist efnis bendir til þess að úrgangurinn sé oxandi skal flokka hann sem hættulegan af tegund HP 2.

Tafla 2: Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka og kóði eða kóðar fyrir hættusetningar fyrir flokkun úrgangs sem hættulegur af tegund HP 2:

Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar
Eldmyndandi lofttegund 1	H270
Eldmyndandi vökvi 1	H271
Eldmyndandi fast efni 1	

Eldmyndandi vökvi 2, eldmyndandi vökvi 3	H272
Eldmyndandi fast efni 2, eldmyndandi fast efni 3	

**HP 3 „Eldfimt“:**

- eldfimur fljótandi úrgangur: fljótandi úrgangur með blossomark undir 60 °C eða úrgangsgasolíur, dísilolíur og léttar olíur til upphitunar með blossomark milli > 55 °C og ≤ 75 °C,
- eldfimur loftkveikjandi fljótandi og fastur úrgangur: fastur eða fljótandi úrgangur sem, jafnvel í litlu magni, er líklegt að kvikni í innan fimm mínútna frá snertingu við andrúmsloft,
- eldfimur úrgangur í föstu formi: úrgangur í föstu formi sem kviknar auðveldlega í eða gæti valdið eða stuðlað að bruna með núningi,
- eldfimur loftkenndur úrgangur: loftkenndur úrgangur sem er eldfimur í snertingu við andrúmsloft við 20 °C og staðalþrýstinginn 101,3 kPa,
- vatnshvarfgjarn úrgangur: úrgangur sem gefur frá sér eldfimar lofttegundir í hættulegu magni við snertingu við vatn,
- annar eldfimur úrgangur: úðabrúsar með eldfimum efnum, eldfimur sjálfhitandi úrgangur, eldfim lífræn peroxíð og eldfimur sjálfhvarfgjarn úrgangur.

Ef úrgangur inniheldur eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð með einum af eftirfarandi kóðum fyrir hættuflokk og -undirflokk og kóðum fyrir hættusetningar, sem eru sýndir í töflu 3, skal meta úrganginn, þar sem við á og hlutfallslega, samkvæmt prófunaraðferðum. Ef tilvist efnis bendir til þess að úrgangurinn sé eldfimur skal flokka hann sem hættulegan af tegund HP 3.

Tafla 3: Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka og kóði eða kóðar fyrir hættusetningar fyrir efnisþætti úrgangs, fyrir flokkun úrgangs sem hættulegur af tegund HP 3:

Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar
Eldfim lofttegund 1	H220
Eldfim lofttegund 2	H221
Úðaeefni 1	H222
Úðaeefni 2	H223
Eldfimur vökvi 1	H224
Eldfimur vökvi 2	H225
Eldfimur vökvi 3	H226
Eldfimt fast efni 1	H228
Eldfimt fast efni 2	
Sjálfhvarfgjarn CD	H242
Sjálfhvarfgjarn EF	
Lífræn peroxíð CD	
Lífræn peroxíð EF	

Lofkveikjandi vökvi 1	H250
Lofkveikjandi fast efni 1	
Sjálfhitandi 1	H251
Sjálfhitandi 2	H252
Vatnshvarfgjarn 1	H260
Vatnshvarfgjarn 2 Vatnshvarfgjarn 3	H261

#### HP 4 „Ertandi — húðerting og augnskaði“:

úrgangur sem getur valdið húðertingu eða augnskaða við snertingu.

Ef úrgangur inniheldur eitt eða fleiri efni í styrk yfir þröskuldsgildinu, sem eru flokkuð með einum af eftirfarandi kóðum fyrir hættuflokk og -undirflokk og kóðum fyrir hættusetningar, og ef farið er yfir eða að einu eða fleiri eftirtöldum styrkleikamörkum skal úrgangurinn flokkaður sem hættulegur af tegund HP 4.

Þröskuldsgildið sem taka skal mið af við mat á Húðætandi 1A (H314), Húðertandi 2 (H315), Augnskaði 1 (H318) og Augnertandi 2 (H319) er 1%.

Ef samanlagður styrkur allra efna, sem eru flokkuð sem Húðætandi 1A (H314), er 1% eða hærri skal úrgangurinn flokkaður sem hættulegur samkvæmt HP 4.

Ef samanlagður styrkur allra efna, sem eru flokkuð sem H318, er 10% eða hærri skal úrgangurinn flokkaður sem hættulegur samkvæmt HP 4.

Ef samanlagður styrkur allra efna, sem eru flokkuð sem H315 og H319, er 20% eða hærri skal úrgangurinn flokkaður sem hættulegur samkvæmt HP 4.

Athugið að úrgangur sem inniheldur efni sem eru flokkuð sem H314 (Húðætandi 1A, 1B eða 1C) í magni sem er meira en eða samsvarar 5% verður flokkaður sem hættulegur af tegund HP 8. HP 4 gildir ekki ef úrgangurinn er flokkaður sem HP 8.

#### HP 5 „Sértæk eiturrhif á marklíffæri (SEM) /eiturrhif við ásvelgingu“:

úrgangur sem getur valdið sértækum eiturrhifum á marklíffæri við váhrif í eitt skipti eða endurtekin váhrif, eða getur valdið bráðum eiturrhifum í kjölfar ásvelgingar.

Ef úrgangur inniheldur eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð með einum eða fleiri eftirfarandi kóðum fyrir hættuflokk og -undirflokk og kóðum fyrir hættusetningar, sem eru sýndir í töflu 4, og jafngildir eða fer yfir eitt eða fleiri af styrkleikamörkunum í töflu 4, skal úrgangurinn flokkaður sem hættulegur samkvæmt HP 5. Ef efni, sem eru flokkuð sem efni sem hafa sértæk eiturrhif á marklíffæri, eru til staðar í úrgangi þarf tiltekið efni að vera til staðar við eða yfir styrkleikamörkum til að úrgangurinn sé flokkaður sem hættulegur af tegund HP 5.

Ef úrgangur inniheldur eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð sem Eiturrhif við ásvelgingu 1 og samanlagður styrkur þessara efna er hærri eða jafn styrkleikamörkunum skal einungis flokka úrganginn sem hættulegan af tegund HP 5 ef heildareðlissegja (við 40 °C) fer ekki yfir 20,5 mm<sup>2</sup>/s.<sup>(1)</sup>

Tafla 4: Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka og kóði eða kóðar fyrir hættusetningar fyrir efnisþætti úrgangs og samsvarandi styrkleikamörk fyrir flokkun úrgangs sem hættulegur af tegund HP 5:

<sup>(1)</sup> Eðlissegju skal eingöngu ákvarða fyrir vökva.

Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Styrkleikamörk
SEM-VES 1	H370	1%
SEM-VES 2	H371	10%
SEM-VES 3	H335	20%
SEM-EV 1	H372	1%
SEM-EV 2	H373	10%
Eiturhrif við ásvelgingu 1	H304	10%

**HP 6 „Bráð eiturhrif“:**

úrgangur sem getur valdið bráðum eiturhrifum eftir inngjöf um munn eða áburð á húð eða váhrif við innöndun.

Ef samanlagður styrkur allra efna í úrgangi, sem eru flokkuð með kóða fyrir hættuflokk og -undirflokk og hættusetningu fyrir bráð eiturhrif sem er gefin upp í töflu 5, er hærri eða jafn viðmiðunarmörkunum sem eru gefin í þeirri töflu skal úrgangurinn flokkaður sem hættulegur af tegund HP 6. Ef fleira en eitt efni, sem er flokkað sem efni með bráð eiturhrif, er til staðar í úrgangi er einungis gerð krafa um samanlagðan styrk efna sem eru í sama hættuundirflokki.

Taka skal mið af eftirfarandi þröskuldsgildum við mat:

- Fyrir bráð eiturhrif 1, 2 eða 3 (H300, H310, H330, H301, H311, H331): 0,1%,
- Fyrir bráð eiturhrif 4 (H302, H312, H332): 1%.

Tafla 5: Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka og kóði eða kóðar fyrir hættusetningar fyrir efnisþætti úrgangs og samsvarandi styrkleikamörk fyrir flokkun úrgangs sem hættulegur af tegund HP 6:

Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Styrkleikamörk
Bráð eiturhrif 1 (um munn)	H300	0,1%
Bráð eiturhrif 2 (um munn)	H300	0,25%
Bráð eiturhrif 3 (um munn)	H301	5%
Bráð eiturhrif 4 (um munn)	H302	25%
Bráð eiturhrif 1 (um húð)	H310	0,25%
Bráð eiturhrif 2 (um húð)	H310	2,5%
Bráð eiturhrif 3 (um húð)	H311	15%
Bráð eiturhrif 4 (um húð)	H312	55%
Bráð eiturhrif 1 (innöndun)	H330	0,1%
Bráð eiturhrif 2 (innöndun)	H330	0,5%
Bráð eiturhrif 3 (innöndun)	H331	3,5%
Bráð eiturhrif 4 (innöndun)	H332	22,5%

**HP 7 „Krabbameinsvaldandi“:**

úrgangur sem veldur krabbameini eða eykur tíðni þess.

Ef úrgangur inniheldur efni sem er flokkað með einum af eftirfarandi kóðum fyrir hættuflokk og -undirflokk og kóðum fyrir hættusetningar og fer yfir eða jafngildir einu af eftirtöldum styrkleikamörkum, sem eru sýnd í töflu 6, skal úrgangurinn flokkaður sem hættulegur af tegund HP 7. Ef fleira en eitt efni, sem er flokkað sem krabbameinsvaldandi, er til staðar í úrgangi þarf tiltekið efni að vera til staðar við eða yfir styrkleikamörkum til að úrgangurinn sé flokkaður sem hættulegur af tegund HP 7.

Tafla 6: Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka og kóði eða kóðar fyrir hættusetningar fyrir efnisþætti úrgangs og samsvarandi styrkleikamörk fyrir flokkun úrgangs sem hættulegur af tegund HP 7:

Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Styrkleikamörk
Krabbameinsvaldandi 1A	H350	0,1%
Krabbameinsvaldandi 1B		
Krabbameinsvaldandi 2	H351	1,0%

**HP 8 „Ætandi“:**

úrgangur sem getur valdið húðætingu við snertingu.

Ef úrgangur inniheldur eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð sem Húðætandi 1A, 1B eða 1C (H314) og samanlagður styrkleiki þeirra er 5% eða hærri, skal úrgangurinn flokkaður sem hættulegur af tegund HP 8.

Þröskuldsgildið sem taka skal mið af við mat á Húðætandi 1A, 1B eða 1C (H314) er 1%.

**HP 9 „Smitandi“:**

úrgangur sem inniheldur lífvænlegar örverur eða eiturefni þeirra sem vitað er eða ætla má að geti valdið sjúkdómum í mönnum eða öðrum lífverum.

Meta skal röðun í flokkinn HP 9 samkvæmt reglunum sem mælt er fyrir um í tilvísunarskjölum eða löggjöf í aðildarríkjunum.

**HP 10 „Hefur eiturrhrif á æxlun“:**

úrgangur sem hefur skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi hjá fullorðnum mönnum og konum og eiturrhrif á þroskun afkvæma þeirra.

Ef úrgangur inniheldur efni sem er flokkað með einum af eftirfarandi kóðum fyrir hættuflokk og -undirflokk og kóðum fyrir hættusetningar og fer yfir eða jafngildir einu af eftirtöldum styrkleikamörkum, sem eru sýnd í töflu 7, skal úrgangurinn flokkaður sem hættulegur af tegund HP 10. Ef fleira en eitt efni, sem er flokkað sem efni sem hefur eiturrhrif á æxlun, er til staðar í úrgangi þarf tiltekið efni að vera til staðar við eða yfir styrkleikamörkum til að úrgangurinn sé flokkaður sem hættulegur af tegund HP 10.

Tafla 7: Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka og kóði eða kóðar fyrir hættusetningar fyrir efnisþætti úrgangs og samsvarandi styrkleikamörk fyrir flokkun úrgangs sem hættulegur af tegund HP 10:

Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Styrkleikamörk
Eiturhrif á æxlun 1A	H360	0,3%
Eiturhrif á æxlun 1B		
Eiturhrif á æxlun 2	H361	3,0%

**HP 11 „Stökkbreytandi“:**

úrgangur sem getur valdið stökkbreytingu, þ.e. varanlegri breytingu á magni eða uppbyggingu erfðaefnis í frumu.

Ef úrgangur inniheldur efni sem er flokkað með einum af eftirfarandi kóðum fyrir hættuflokk og -undirflokk og kóðum fyrir hættusetningar og fer yfir eða jafngildir einu af eftirtöldum styrkleikamörkum, sem eru sýnd í töflu 8, skal úrgangurinn flokkaður sem hættulegur af tegund HP 11. Ef fleira en eitt efni, sem er flokkað sem stökkbreytandi, er til staðar í úrgangi þarf tiltekið efni að vera til staðar við eða yfir styrkleikamörkum til að úrgangurinn sé flokkaður sem hættulegur af tegund HP 11.

Tafla 8: Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka og kóði eða kóðar fyrir hættusetningar fyrir efnisþætti úrgangs og samsvarandi styrkleikamörk fyrir flokkun úrgangs sem hættulegur af tegund HP 11:

Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Styrkleikamörk
Stökkbreytandi 1A	H340	0,1%
Stökkbreytandi 1B		
Stökkbreytandi 2	H341	1,0%

**HP 12 „Losun lofttegundar sem veldur bráðum eiturhrifum“:**

úrgangur sem losar lofttegundir sem valda bráðum eiturhrifum (Bráð eiturhrif 1, 2 eða 3) í snertingu við vatn eða sýru.

Ef úrgangur inniheldur efni sem hefur verið úthlutað einni af eftirfarandi viðbótarhættusetningum, ESB-H029, ESB-H031 og ESB-H032, skal það flokkað sem hættulegt af tegund HP 12 samkvæmt prófunaraðferðum eða viðmiðunarreglum.

**HP 13 „Næmandi“:**

úrgangur sem inniheldur eitt eða fleiri efni sem vitað er að hafa næmandi áhrif á húð eða öndunarfæri.

Ef úrgangur inniheldur efni, sem er flokkað sem næmandi og er úthlutað einum af hættusetningarkóðunum H317 eða H334 og eitt tiltekið efni er af styrk sem jafngildir eða er yfir 10% styrkleikamörkunum, skal úrgangurinn flokkaður sem hættulegur af tegund HP 13.

**HP 14 „Visteitruð efni“:**

úrgangur sem hefur eða kann að hafa áhættu í för með sér fyrir eitt eða fleiri umhverfisvið, tafarlaust eða síðar.

**HP 15 „Úrgangur sem getur sýnt hættulegan eiginleika, sem er tilgreindur hér að ofan, sem kemur ekki fram með beinum hætti í upprunalega úrganginum“.**

Ef úrgangur inniheldur eitt eða fleiri efni, sem er úthlutað einni af hættusetningunum eða viðbótarhættusetningunum sem eru sýndar í töflu 9, skal úrgangurinn flokkaður sem hættulegur af tegund HP 15 nema úrgangurinn sé í formi sem býr ekki undir neinum kringumstæðum yfir sprengifimum eða hugsanlega sprengifimum eiginleikum.

Tafla 9: Hættusetningar og viðbótarhættusetningar fyrir efnisþætti úrgangs fyrir flokkun úrgangs sem hættulegur af tegund HP 15:

Hættusetning eða -setningar/Viðbótarhættusetning eða -setningar	
Hætta á alsprengingu í bruna	H205
Sprengifimt sem þurrefni	EUH001
Getur myndað sprengifim efnasambönd (peroxíð)	EUH019
Sprengifimt við upphitun í lokuðu rými	EUH044

Að auki er aðildarríkjum heimilt að lýsa úrgangi sem hættulegum af tegund HP 15 á grundvelli annarra viðeigandi viðmiðana, s.s. mati á sigvatni.

*Athugasemd:*

Röðun í hættuflokkinn HP 14 er gerð á grundvelli viðmiðanna sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008, sbr. reglugerð um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna nr. 415/2014.

*Prófunaraðferðir:*

Aðferðunum, sem nota skal, er lýst í reglugerð ráðsins (EB) nr. 440/2008<sup>(2)</sup> og öðrum athugasemdum frá Staðlasamtökum Evrópu sem máli skipta eða öðrum alþjóðlega viðurkenndum prófunaraðferðum og leiðbeiningum.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2008 frá 30. maí 2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).